81
9. des.

# AUGLÝSING

## um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Danmerkur.

Hinn 30. marz 1955 var undirritað í Reykjavík samkomulag um viðskipti milli Íslands og Danmerkur.

Samkomulagið gildir fyrir tímabilið 15. marz 1955 til 14. marz 1956.

Samkvæmt samkomulaginu er gert ráð fyrir, að frá Íslandi verði m. a. flutt út saltsíld, saltfiskur, niðursoðnar sjávarafurðir og söltuð hrogn, enn fremur síldarmjöl og síldarlýsi.

Innflutningur frá Danmörku mun heimilaður á sama hátt og verið hefur undanfarin ár.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 9. desember 1955.*

**Kristinn Guðmundsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

82
9. des.

# AUGLÝSING

## um framlengingu á greiðslusamningi milli Íslands og Rúmeníu.

Hinn 12. október 1955 var undirritað í Genf samkomulag um, að framlengja viðskipta- og greiðslusamning Íslands og Rúmeníu frá 13. apríl 1954 (Stj.tíð., A. 74 1954) óbreyttan til ársloka 1956.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 9. desember 1955.*

**Kristinn Guðmundsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

83
9. des.

# AUGLÝSING

## um framlengingu viðskipta- og greiðslusamnings Íslands og Ungverjalands.

Hinn 23. nóvember 1955 var undirrituð í Budapest bókun um, að framlengja viðskipta- og greiðslusamning Íslands og Ungverjalands frá 6. marz 1953 (Stj.tíð. A. 53/1953) óbreyttan til ársloka 1956.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 9. desember 1955.*

**Kristinn Guðmundsson.**

*Magnús V. Magnússon.*